

Fornleifaskráning í landi Sandgerðis

**vegna nýs deiliskipulags á svæði
austan Stafnesvegar ofan Bæjarskers**



Apríl 2008

Katrín Gunnarsdóttir
fornleifafræðingur MA

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	2
SKRÁÐAR FORNLEIFAR	3
NIÐURSTÖÐUR	18

INNGANGUR

Byggingafultrúinn í Sandgerði óskaði í nóvember 2007 eftir því við mig, Katrínu Gunnarsdóttir fornleifafræðing, að vinna að fornleifaskráningu á landi Sandgerðis vegna nýrra byggingasvæða. Svæðið sem hér um ræðir er eitt af nokkrum svæðum sem áætlað er að deiliskipuleggja, og er fornleifaskráing þessi vegna vinnu við deiliskipulag fyrir íbúðabyggð.

Skráningarsvæðið afmarkast: Frá norðvesturhorni á gatnamótum Sandgerðisvegar og austan og ofan Stafnesvegar í suður ofan Bæjarskers er vesturhlíð svæðisins að fjárhúsi sem er við smáhýsi rafveitunnar út við Stafnesveg, frá smáhýsinu í austur er suðurhlíð svæðisins, að skógræktarreit, frá skógræktarreitnum, að Sandgerðisvegi er austurhlíð svæðisins, og Sandgerðisvegur að gatnamótum við Sandgerðisveg er norðuhlíð svæðisins.

Vettvangsvinna fornleifaskráningarinnar fór fram á fyrrnefndu svæði 3. desember 2007, 18. febrúar, 14. og 16 mars 2008.

Samkvæmt Túnakorti¹ frá 1919 er svæðið sagt vera grjótmóa holt, og ekki eru neinar nánari skýringar á túnakortinu hvort einhver mannvirki hafa verið til staðar við gerð kortsins.

Þessi vinna framhald af fornleifaskráningu sem ég gerði árið 2004 fyrir Sandgerðisbæ. Að höfðu samráði við Fornleifavernd ríkisins verður þessi hluti skráningarinnar lagður fram sem framhald af fyrrnefndri fornleifaskráningu, og síðan bætast við þau svæði sem fyrirhugað er að fornleifaskrá vegna nýrra byggingasvæða. Þessi skráning er því hluti af þeirri heildarskráningu sem fyrirhugað er að gera. Þegar henni er lokið verður lögð fram heildarskráning fyrir fyrirhuguð skráningarsvæði.

- Fornleifaskráningin sem gerð var árið 2004 hafði númerin 1-51 í landi Sandgerðis. Fornleifar í landi Bæjarskers fengu númerin 1- 17.
- Fornleifaskráning sem gerð var 2007 í landi Sandgerðis vegna nýs deiliskipulags suður af hafnarsvæði fengu skráningar númerinn 100 - 107.
- Þær fornleifar sem nú voru skráðar á Rockville svæðinu fá númerinn 108 – 128.
- Tölur í sviga eru vinnunúmer á vettvangi.
- Fornleifar sem skráðar voru á svæði ofan vegar frá Bæjarskeri eru númeraðar frá 129-151.

Kortagrunnur vegna vinnu við fornleifaskráninguna er fenginn hjá VSÓ verkfræðistofu Borgartúni 26, Reykjavík sem er í samvinnu við Sandgerðisbæ. Allar ljósmyndir eru teknar af undirritaðri, Katrínu Gunnarsdóttur, sem einnig hefur gert allar teikningar af fornminjunum.

Myndadiskur fylgir hér með, og eru myndirnar á honum númeraðar með sömu númerum og eru í þessari skrá. Loftmynd af svæðinu fylgir einnig og fornleifar merktar inn á hann með því númeri sem þær eru í þessari skrá. Á loftmyndinni eru einnig númer á fornleifum úr skráningunni frá árinu 2004, en þau númer eru 1 – 17.

Reyni Sveinssyni, Fræðasetri Sandgerðis, eru færðar þakkir fyrir veitta aðstoð í sambandi við fornleifaskráninguna.


¹ Þjóðskjalasafn Íslands, Túnakort 1919, Býjaskershverfi, (Bæjarsker).

SKRÁÐAR FORNLEIFAR

Sandgerði 181043 60 – 129 (12)



Horft til austurs yfir tóftina



Hlutverk: Fjárhús.

Tegund: Tóft.

Staðsetning: N: 64,01.677 V: 22,41,023

Hættumat: Hætta vegna nýbygginga.


Staðhættir: Um 12 m í suður frá suðurhluta hringlaga svæðis sem er umlukt grasivöxnum hliðum, en er opið til norðurs.

Lýsing: Veggir tóftarinnar hafa fallið inn í hana og er því ekki gott að átta sig á innra skipulagi hennar, einnig er inngangur óljós. Hleðsluhæð er um 1 m, og eru veggir grasivaxnir að utan, en sést í hleðslusteina inn í tóftinni. Steinastærð er 0.25-0.60 m.

Sandgerði 181043 60 – 130 (13)



Horft yfir réttina til vesturs.




Sérheiti: Álaborgarrétt

Hlutverk: Rétt
Tegund: Tóft
Staðsetning: N: 64,01,667 V: 22,41,077
Hættumat: Hætta vegna nýbygginga.
Staðhættir: Upp af skógræktarreit sem hallar aðeins til suðurs. Tóft hér á undan nr.129 er um 40 m í norður.
Lýsing: Veggir réttarinnar eru nokkuð heillegir, grasivaxnir að hluta að utan og innan, en vel sést í hleðslur. Innra skipulag hennar er nokkuð ljóst, það er almenningur og út frá honum liggja minni hólf. Inngangur er í réttina í norður. Hleðsluhæð um 1 m að jafnaði en sumstaðar aðeins lægra. Steinastærð um 0.25-0.50 m
Aðrar upplýsingar: Rétt þessi er eldri en réttin sem er niður við Stafnesveg en sú rétt er tekin í notkun upp úr 1930, en fram að því hafði verið notuð Álaborgarétt
Heimildir: Viðtal við Reyni Sveinsson í mars 2008

Sandgerði 181043 60 – 131 (14)




Horft yfir veggjahleðsluna til vesturs



Hlutverk: Garður.
Tegund: Hleðsla.
Staðsetning: N: 64,01.666 V: 22,41,169
Hættumat: Hætta vegna nýbygginga.
Staðhættir: Um 20 m í vestur frá réttinni sem er hér á undan nr. 130. Hún er í smá halla í grasivöxnu landinu og liggur í austur-vestur.
Lýsing: Einhlaðinn garður um 0.25-0.30 m á hæð, steinastærð um 0.25-0.40 m. Garðurinn er um 9 m langur með tveggja metra armi austast til norðurs, og frá vesturenda er 2 m bil yfir í smá grjóthrúgu.

Sandgerði 181043 60 – 132 (15)



Horft til austurs, hrúgan samanber teikningu fyrir miðri mynd.

Hlutverk: Óþekkt.

Tegund: Hleðsla/mannvirki.

Staðsetning: N: 64,01,664 V: 22,41,193

Hættumat: Hætta vegna nýbygginga.

Staðhættir: Um 12 m í vestur af hleðslunni er nr. 131 hér á undan, þar sem er graslendi, en eftir það tekur við land með grjóti og mold þar sem þetta mannvirki er.

Lýsing: Hleðslur og náttúrusteinar mynda hálfhringlaga svæði. Í miðju er steinahrúga. Hleðsluhæð er um 0.40 m. Steinastærð um 0.25-0.50 m. Opið til vesturs.

Sandgerði 181043 60 – 133 (16)



Horft til austurs yfir norðurhlið garðsins.

Hlutverk: Garður.

Tegund: Undirhleðslugarður.

Staðsetning: N: 64,01,710 V: 22,41,565

Hættumat: Hætta vegna nýbygginga.

Staðhættir: Undirhleðslugarðurinn er um 40 m upp af norðausturenda réttarinnar sem er við Býjaskersveg.

Lýsing: Einhlaðinn undirhleðslugarður sem er hlaðinn í kring um grasivaxinn túnblett. Þar er austur-vestur hlið um 19 m og norður-suður um 40 m. Hleðsluhæð um 0.30 m, og um 0.50 m á breidd. Steinastærð um 0.25-0.40 m. Nokkuð er grasivaxið upp að steinunum. Girðingastaurar liggja á við og dreif yfir hleðslurnar.

Sandgerði 181043 60 – 134 (17)



Horft yfir garðbrotið til austurs.

Hlutverk: Garður.

Tegund: Garðbrot/hrúga.

Staðsetning: N: 64,01,711 V: 22,41,810

Hættumat: Hætta vegna nýbygginga.

Staðhættir: Um 80 m í suður frá fjarskiptahúsum sem eru norðarlega á svæðinu. Hleðslan er á nokkuð sléttu landi þar sem eru mosavaxnir steinar og mold á milli.

Lýsing: Einhlaðið garðbrotið liggur austur vestur og er um 20 m langt samhliða þessum garði. Með tveggja metra bili er annar garður um 9 m langur. Garðurinn rofnar á 8 m bili við vesturendann og kemur síðan aftur og er um 10 m langur. Hleðsluhæð er um 0.40 m. Steinastærð 0.25-0.40 m. Um 5-6 m frá austurhluta garðbrotsins í norður er grjóthrúga um 0.80 m á hæð.

Sandgerði 181043 60 – 135 (34)



Horft yfir garðinn til norðvesturs.

Hlutverk: Garðhleðsla.

Tegund: Matjurtagarður.

Staðsetning: N: 64,01,398 V: 22,42,116

Hættumat: Hætta vegna nýbygginga.

Staðhættir: Um 590 m frá Bæjarskersvegi eftir Stafnesvegi í suður. Garðurinn er í suðausturhorni milli Stafnesvegar og innkeyrslu að smáhýsi rafveitunnar og fjárhúsi sem er um 20 m ofan vegarins.

Lýsing: Matjurtagarðurinn er um 2 m frá veginum í austur að L-lagagaddavírsgirðingu sem er samhliða veginum og vegaspottanum að fjárhúsinu. Það sést í grjóthleðslur sem eru mjög grasivaxnar og sokknar, og mótar fyrir rákum innan garðsins þar sem hefur verið sáð í. Hleðsluhæð um 0.35 m og steinastærð 0.25 -0.40 m

Sandgerði 181043 60 – 136 (35)



Horft til norðurs yfir norðurhluta garðsins



Horft til vesturs yfri hluta garðsins.

Hlutverk: Garður.

Tegund: Hleðsla.

Staðsetning: N: 64,01.424 V: 22,41,894

- Hættumat:** Hætta vegna nýbygginga.
- Staðhættir:** Frá túni sem er ofan við fjárhús sem er austan við Stafnesveg um 600 m frá Bæjarskersvegi í suður.
- Lýsing:** Um 150 m í austur frá fjárhúsinu. Landið að garðinum er grasivxiðað en nokkuð um grjótfháka í landinu. Garðurinn er í suður-norður og er syðri hluti hans um 2-3 m langur og 0.40 m breiður, hleðsluhæð 0.30. Frá þessum garðbút um 12 m í norður er annar garðbútur sem er um 4-5 m langur og 1 m á breidd, hleðsluhæð um 0.40 m.

Sandgerði 181043 60 – 137 (36)



Horft til austurs yfir matjurtagarðinn.



Horft til vesturs yfir matjurtagarðinn.

- Hlutverk:** Matjurtagarður.
- Tegund:** Hleðsla.
- Staðsetning:** N: 64,01,452 V: 22,42,036
- Hættumat:** Hætta vegna nýbygginga.
- Staðhættir:** Um 470 m frá Bæjarskersvegi í suður. Um 35 m í austur frá Stafnesvegi.
- Lýsing:** Upphlaðinn og mjög grasivaxinn, veggjahæð um 0.70 m. Komið hefur verið fyrir girðingarstaurum ofan á vegg garðsins, og eru gaddavírsleifar á milli staura. Inngangur í garðinn í suður.

Sandgerði 181043 60 – 138 (37)



Horft til norðvesturs yfir undirhleðslugarðinn.

Hlutverk: Undirhleðslugarður.

Tegund: Hleðsla.

Staðsetning: N: 64,01,485 V: 22,42.029

Hættumat: Hætta vegna nýbygginga.

Staðhættir: Um 470 m frá Bæjarskersvegi í suður. Garðurinn er í kringum túnblett austan Stafnesvegar.

Lýsing: Garðurinn er hlaðinn í kringum túnblett. Norðurhlið er um 40 m, austur og vesturhlið um 40 m og suðurhlið um 55 m. Hleðsluhæð um 0.50 m, og veggjaþykkt um 0.50 m. Steinastærð um 0.25-0.45 m.

Aðrar upplýsingar: Garðurinn er umluktur á þrjá vegu af garðhleðslum sem eru út frá honum. Sjá númer 139 hér á eftir.

Sandgerði 181043 60 – 139 (38,53.42,37)



Horft til norðurs eftir austurhlið garðsins.



Horft til suðurs eftir austurhlið garðsins.

Hlutverk: Túngarður.

Tegund: Hleðslugarður.

Staðsetning: N: 64,01,508 V: 22,41,794

Hættumat: Hætta vegna nýbygginga.
Staðhættir: Um 300 m frá Bæjarskersvegi í suður, ofan og austan Stafnesvegur.
Lýsing: Garðurinn er hlaðinn í kringum tún. Norðurhliðin er um 35 m, austurhlið er um 260 m + 150 m stök garðhleðsla í norður, suðurhlið 250 m, vesturhlið samhliða Stafnesvegi um 270 m. Hluti af þeim garði er um 40 m af hleðslugarði sem er hér á undan nr. 138.
Hleðsluhæð er um 0.50 m, og veggjaþykkt um 0.50 m. Steinastærð um 0.25-0.45 m.

Sandgerði 181043 60 – 140 (39)




Horft yfir undirhleðslugarðinn til norðvesturs

Hlutverk: Undirhleðslugarður.
Tegund: Hleðsla.
Staðsetning: N: 64,01,531 V: 22,41,832
Hættumat: Hætta vegna nýbygginga.
Staðhættir: Um 340 m frá Bæjarskersvegi í suður, og um 190 m í austur, rétt innan við túngarðinn sem er hér á undan númer 139.
Lýsing: Garðurinn er um 22 m langur, liggur í norður-suður, hleðsluhæð um 0.50 m, og veggjaþykkt um 0.50 m. Steinastærð er um 0.25-0.45 m. Tekið hefur verið úr hleðslum garðsins um miðju hans, hringlaga hleðslur, eins og þarna hafi einhver verið að leik.

Sandgerði 181043 60 – 141 (40)



Horft til austurs yfir matjurtagarðinn.



Hlutverk: Matjurtagarður.

Tegund: Hleðsla.

Staðsetning: N: 64,01,437 V: 22,42.077

Hættumat: Hætta vegna nýbygginga.


Staðhættir: Um 520 m frá Bæjarskersvegi í suður, og um 20 m í austur, ofan vegar.

Lýsing: Landið að matjurtagarðinum er grasivaxið. Garðurinn er eins og lægð í landinu. Veggir lægðarinnar eru grasivaxnar, veggjahæð um 0.50 m á langhliðum, en á skammhliðum lægri og garðurinn rennur saman við landið að hluta.

Sandgerði 181043 60 – 142 (41)



Horft yfir tóftina til norð vesturs, matjurtagarðurinn fjær.



Hlutverk: Óþekkt.

Tegund: Tóft.


Staðsetning: N: 64,01,437 V: 22,42.077

Hættumat: Hætta vegna nýbygginga.

Staðhættir: Um 520 m frá Bæjarskersvegi í suður, og um 20 m í austur, ofan vegar.


Lýsing: Óljósar gras- og mosavaxnar veggjahleðslur sem eru í grasivöxnu landi innan um grjót sem eru nokkuð af í landinu. Veggjahæð er um 0.30 m.
Aðrar upplýsingar: Um 4 m í matjurtagarð í norðaustur númer 141 hér á undan.

Sandgerði 181043 60 – 143 (48)



Hlutverk: Undirhleðslugarður.
Tegund: Hleðsluveggir.
Staðsetning: N: 64,01,624 V: 22,41,743
Hættumat: Hætta vegna nýbygginga.
Staðhættir: Um 150 m frá Bæjarskersvegi í suður, og um 260 m ofan og austan Stafnesvegar. Þessi veggjahleðsla er hluti af túngarðshleðslum sem eru nr. 139 (38). Frá þessum hleðslugarði í austur eru um 25 m í vírgirðingu.
Lýsing: Út frá túngarðshleðslum nr. 139 (38) er þessi hleðslugarður, sem er um 150 m langur. Hann liggur suður-norður. Við norðurenda garðsins eru tveggja arma hleðslur um 5-6 m langar, og á milli þeirra er um 2.5 m. Hleðsluhæð 0.30 m. Um 4 m í norður frá nyrðri armahleðslunni er um 11 m langur einhlaðinn garður sem er í austur-vestur. Hleðsluhæð um 0.30 m.

Sandgerði 181043 60 – 144 (49)



- Hlutverk:** Byrgi.
Tegund: Hleðsla.
Staðsetning: N: 64,01,591 V: 22,41.638
Hættumat: Hætta vegna nýbygginga.
Staðhættir: Um 230 m frá Bæjarskersvegi í suður um það bil að rauðu fjárhúsi sem þarna er núna, og um 260 m ofan og austan Stafnesvegar. Byrgið er í smá hæðalandslagi á smá hól, sem þarna er nokkuð áberandi upp úr landinu, sem er grasivaxið með þúfum og grjótlákum.
Lýsing: Byrgið er á smá hól, hleðslur hafa hrunið, og eru um 0.35 m á hæð. Þær eru mosavaxnr.


Sandgerði 181043 60 – 145 (50)

- Hlutverk:** Óþekkt.
Tegund: Hleðsla.
Staðsetning: N: 64,01,561 V: 22,44,674
Hættumat: Hætta vegna nýbygginga.
Staðhættir: Um 310 m frá Bæjarskersvegi í suður að norðvesturhorni á undirhleðslugirðingu austan Stafnesvegar. Fylgir þeirri girðingu í austur um 230 m, og frá norðausturhorni hennar um 70 m í norðaustur. Hleðslan er austan í sama hæðalandi og nr. 144 hér á undan.
Lýsing: Óljósar og óreglulegar hleðslur innan um náttúrusteina. Hleðslurnar eru í tveimur hlutum, en þó samfelldar. Nyrðri hleðslan er náttúrusteinar með steinahleðslum á milli. Hleðsluhæð 0.75 m. Syðri hleðslan er L-laga, hleðsluhæð um 0.20 m. Út frá vesturarmi er smá hleðsla, armur, inni tóftina. Frá honum um 1.5 m í suður er náttúrusteinn sem afmarkar suðurhlið.

Sandgerði 181043 60 – 146 (51)


Hlutverk: Óþekkt.
Tegund: Hleðsla/hrúga.
Staðsetning: N: 64,01,716 V: 22,41,728
Hættumat: Hætta vegna nýbygginga.
Staðhættir: Á litlum grasivöxnum hól um 120 í suður frá húsum fjarskiftastöðvar.
Lýsing: Nokkuð regluleg formuð steinahrúga, hleðsluhæð um 0.25-0.45 m.
Steinastærð um 0.25-0.45 m.

Sandgerði 181043 60 – 147 (58)



Hlutverk: Óþekkt.
Tegund: Hleðsla.
Staðsetning: N: 64,01,581 V: 22,41,280
Hættumat: Hætta vegna nýbygginga.
Staðhættir: Um 250 m frá Bæjarskersvegi í suður, og um 640 m í austur að klettabelti sem er nokkuð áberandi í landinu, út frá suðurhluta þess, eða um 500 m í suður frá frá gróðurreitnum þar sem eru grenitré. Í mosa og þúfum og grasivöxnu landi.
Lýsing: Hringlaga mjög finlegar grasivaxnar hleðslur, hleðsluhæð um 0.30 m. Við norðurhlið er kassalaga hólf, sem er um 0.30 m hærra í landinu.

Sandgerði 181043 60 – 148 (59)



Horft til austurs yfir aðhaldið.

Hlutverk: Fjórhald.

Tegund: Fyrirhleðsla/aðhald.


Staðsetning: N: 64,01,632 V: 22,41,356

Hættumat: Hætta vegna nýbygginga.

Staðhættir: Frá Sandgerðisvegi þar sem er innkeyrsla í nýtt hverfi, um 400 m í suður að klettabelti sem er áberandi í umhverfinu. Landið hækkar þó að klettabeltinu, en landið er grasivavið og þúfótt með grjóti á milli.

Lýsing: Þykkir og grasmiklir veggir mynda norður- og austurhlið aðhaldsins, norðurhliðin er kletturinn sem aðhaldið er mótað að. Hleðsluhæð er um 1 m, en lækkar aðeins í vestur. Ekki sést í steinahleðslur, en náttúrsteinar eru sýnilegir.

Sandgerði 181043 60 – 149 (60)





Horft til austurs.



Horft til austurs.




Horft til vesturs.

- Hlutverk:** Rétt.
- Tegund:** Hleðslur/timbur.
- Staðsetning:** N: 64,01,687 V: 22,42,022
- Hættumat:** Hætta vegna nýbygginga.
- Staðhættir:** Um 50 m frá Bæjarskersvegi í suður eftir Stafnesvegi, rétt ofan við veginn.
- Lýsing:** Réttin er upphlaðin að mestu, en með einstaka hliðum sem eru eingöngu úr timbri eða timbrið er til stuðnings hleðslum, og einnig er það notað í hlið í hólfréttarinnar. Hleðsluhæð er um 1.20 m. Hleðslugarðar eru fyrir utan réttina, en þeir eru einhlaðnir, og ræðst hæðin af stærð steinanna sem eru í þeim eða um 0.25-0.30 m.
- Aðrar upplýsingar:** Rétt þessi var tekin í notkun upp úr 1930, en áður var notuð Álaborgarrétt sjá nr. 130 (13).
- Heimildir:** Viðtal við Reyni Sveinsson í mars 2008.

Sandgerði 181043 60 – 150 (61)



Horft til vesturs yfir tóftina.



Hlutverk: Óþekkt.

Tegund: Tóft.

Staðsetning: N: 64,01,822 V: 22,41,790

Hættumat: Hætta vegna nýbygginga.

Staðhættir: Um 70 m í norður frá húsum fjarskiptastöðvar, í smá grasivöxnum halla á mótí norðri, undir smá hæð sem er aðeins hærri er landið í kring.

Lýsing: Tóftin er tvö hólfi, og er mjög grasivaxin, bæði gólf og veggir. Hleðsluhæð er um 0.30-0.40 m. Vegslóði liggur norðan við tóftina.

Sandgerði 181043 60 – 151 (52)



Horft yfir fiskreitinn til vesturs.

Hlutverk: Fiskreitir.

Tegund: Heimild/horfið.

Staðsetning: N: 64,01,636 V: 22,42,096

Hættumat: Hætta vegna nýbygginga.

Staðhættir: Um 190 m í suður frá Bæjarskersvegi í suður eftir Stafnesvegi, rétt vestan við veginn. Reiturinn hefur verið við Hólkot, og er Hólskot sunnan við.

Lýsing: Reiturinn er horfinn.

NÍÐURSTÖÐUR

Eftir þeim heimildum á túnakorti frá 1919 er svæðið ofan Bæjarskers sagt vera grjótmóa holt. Á svæðinu í dag eru nokkuð áberandi undirhleðslugarðar (nr.139) sem hlaðnir hafa verið í kringum túnbletti, en að sögn Reynis Sveinssonar höfðu jarðairnar niður við sjóinn einhverjar landræmur innan svæðisins, þótt ekki sé hægt að nefna hver átti hvaða ræmu. Á fyrrnefndu túnakorti eru ekki sýndir neindir garðar, og má ætla að þeir hafi að mestu verið tilkomnir eftir gerð túnakortsins. Einnig er að finna á svæðinu staka hleðslugarða (nr. 131,134). Þá er grasivaxinn undirhleðslugarður (nr.133) í kringum túnblett.

Innan svæðisins eru matjurtagarðar (nr.135,137,141), garðhleðslurnar í kringum þessa garða virðast ekki allar vera frá sama tíma. Nr.141, hefur nokkuð háa garðhleðslu sem er grasivaxin að mestu, og ofan á hana hafa síðan verið settir staurar og girðing, en nr.141 grasivaxna lága en velafmarkaða eldri hleðslu, og það sama er um nr. 135. Þar eru grasivaxnar garðhleðslur með sýnilegu hleðslugrjóti inn á milli.

Merki um fjárhald er víða um skráningasvæðið og má þar nefna fyrirhleðslu, aðhald (nr. 148) sem er vestan undir klettabelti, ekki fjarri samanfallinni tóft fjárhúss nr. 129. Frá tóftinni er ekki langt í Álaborgarrétt (nr. 130), sem er enn nokkuð vel varðveitt. Réttin var í notkun fram til ársins 1930, en þá var fjárréttin (nr. 149) niður við Stafnesveg tekin í notkun, og stendur hún enn nokkuð vel varðveitt. Réttin við Stafnesveg er ekki skilgreind sem fornleif þar sem hún er byggð um 1930, en hverfisvernd er leið sem skipulagsyfirlönd í Sandgerðisbæ hafa til að varðveita hana, en það felur líka í sér að þarf að huga að viðhaldi hennar og endurnýjun eftir þörfum hverju sinni.

Hleðslubrot og tóftir er að finna á nokkrum stöðum án þess að hægt sé að segja til um hvaða hlutverki þau hafa gegnt, en það eru nr. tóft nr 151 sem er aðeins 4 m frá áður nefndum matjurtagarði nr. 150. Þá er tveggjahólf tóft (nr. 159) með útflöttum veggjum í smá halla að vegslóða sem liggur vestan við hana. Hleðslur sem liggja skeifulag innan um náttúrsteina með smá grjóthrúgu í miðju eru í um 15 m frá áðurnefndu garðbroti nr.140.

Í smá þúfum og múum hefur náttúran og óljósar hleðslur (nr. 147) myndað allt að því hringlaga rými með smá útskoti. Það sama má segja um hleðslubrot (nr.145). Þar hefur landið og einhverskonar hleðslur myndað óljósa veggmyndun. Samanfallið byrgi (nr.144) er um 50 m í suður frá fyrrnefndu nr.145. Hruga af grjóti (nr.146) sem má ætla að hafi verið byrgi er samanfallin.

Samkvæmt myndkort² sem gefið er út af Loftmyndum ehf. liggur gömul gönguleið um svæðið og er upphaf hennar rétt sunnan íþróttavallarins við Stafnesveg. Leiðin liggur í austur og sameinast Sangerðisvegi eftir u.þ.b. 1 km. Hún heldur síðan áfram til austurs og sameinast öðrum gönguleiðum. Ef þessi gönguleið á að vera til fyrir framtíðar göngumenn svæðisins, þarf að taka tillit til þess hluta leiðarinnar sem er frá íþróttvellið að Sandgerðisvegi við skipulagningu á framtíðar íþróttasvæðinu.

Í þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til

² Loftmyndir ehf Laugavegi 13, 101 Reykjavík: Af stað, Reykjanes. Myndkort.

komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á.

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til”. Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram.

Sýðstakot, Miðkot 2 býli (o.n.) Hólkot, Hólsheis
Bjáfær 2 býli, Bángendi (Bángg.) 2 býli (skóli), og
2 þ.býli: Litla Bángendi Laufás.

Alhs. ^{Alhs.} Ut i dji. og nær Sandved:
er Borgarkilni, Baid, Beris-
kyr, munke setur o. fl.
dji. Afsl. FornLysafsl. 1903, 64. 37.
(og medl. skinn)

Tu min mest all skett og skett
blottet av den her og der snedige.

	<u>Tun</u>	<u>Kilgaster</u>
Bijacker S.	2,6	1320
" " V.	2,6	1280
Bangerdiu	} 2,5	} 960
" " 6		
Kolschis	1,15	300
Kolkot	1,8	1160
Kirkol u	} 1	} 520
" "		
Sydetakot	1,4	1530
Lampas (pk)	0,33	400
Lilla Bangedi -	"	80
Finn. S. S. Sydab.	"	150
" - Lambastalis	"	290
" - 3 (with 1/2)	"	150
	<u>14,45</u> (signa)	<u>9090</u> m ²



150

134

146

133

149

151

143

131
132

130

129

148

147

144

139

140

145

139

138

139

139

137

142

141

135

139

139